

**Nd.**

**255. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 11. des. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Bannað er að láta graðfola eldri en  $1\frac{1}{2}$  árs gamla ganga lausa innan um hross á afrjettum eða í heimahögum. Hittist slíkur hestur gæslulaus annarstaðar en í heimalandi eiganda eða geymanda, skal fara með hann sem óskilafje.

Þó er heimilt í samþykkt að gera undantekningar um graðhesta, sem ætlaðir eru eða notaðir til undaneldis, samkvæmt löggiltri samþykkt eftir lögum frá 11. des. 1891, eða í hrossaræktarlögum.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 10—100 kr., er renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, en til hrossaræktarfjelaga, þar sem þau eru starfrækt.

3. gr.

Mál, sem risa út af brotum á þessum lögum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin viðaukalög nr. 51, 20. des. 1901, við lög 11. des. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta.